



Þelamerkurskóli er grunnskóli í Hörgársveit og verða um 120 nemendur í skólanum nk. haust. Í Þelamerkurskóla er starfað með markvissum hætti í anda skóla fyrir alla og þannig lögð rík áhersla á að búa öllum nemendum aðstæður til náms við hæfi hvers og eins, nokkuð sem krefst samvinnu, sveigjanleika og lausnamiðaðrar hugsunar hjá öllu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru **þroski, menntun og samkennd**. Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga, leiðsagnarnáms og Byrjendalæsis. Skólinn er heilsueflandi skóli auk þess sem áhersla er lögð á útikennslu, nýsköpun og skapandi starf.

Við óskum eftir að ráða í eftirfarandi stöður frá og með 1. ágúst 2026. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2026.

Umsjónarkennari á unglíngastigi sem leiðir öflugt tungumála- og nýsköpunarnám.

Leitað er eftir faglega sterkum og skapandi kennara sem býr yfir mikilli samskipta- og skipulagsfærni. Rík krafa er gerð um hæfni í samskiptum og teymisvinnu og eru góð meðmæli skilyrði fyrir ráðningu. Óskað er eftir kennara í 80% starf.

Helstu verkefni:

- Annast almenna umsjónarkennslu þvert á greinasvið og vinnur í teymi.
- Stuðlar að velferð nemenda í góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn og stoðþjónustu innan skólans sem utan.
- Tekur þátt í þróunarstarfi skólans og fylgir stefnu og áherslupáttum skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Mjög góð færni í upplýsingatækni, ensku og íslensku. Hann þarf að leiða öfluga tungumálakennslu á unglíngastigi auk þess að vera leiðandi í upplýsingatækni.
- Þarf að búa yfir mjög góðri góðri færni þvert á allar bóklegar námsgreinar.
- Gott vald á íslensku, bæði í rituðu og töluðu máli.
- Reynsla af starfi með fjölbreyttum nemendahópi er æskileg.
- Sýnir metnað og áhuga á að ná fram því besta úr hverjum nemanda.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi er nauðsynleg.
- Mikil færni í samvinnu og teymisvinnu.
- Frumkvæði, skipulagsfærni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð tölvu- og tæknikunnátta.

Umsóknarfrestur er t.o.m. 3. apríl 2026. Óskað verður eftir meðmælum en krafist verður góðra meðmæla. Í öllum störfum við Þelamerkurskóla er gerð krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað samrýmist starfinu.

Ferilskrá, umsókn og greinargerð skal senda á netfang skólastjóra: annarosa@thelamork.is
Upplýsingar um Þelamerkurskóla er að finna á heimasíðu skólans, <https://www.thelamork.is/>